

Umsagnaraðili:
Fold uppboðshús ehf.
kt. 4311992629

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 1061 — 690. mál.

Umsögn Foldar uppboðshús ehf. um tillögu til þingsályktunar um myndlistarstefnu til 2030.

Reykjavík 27. febrúar 2023

Um leið og Fold uppboðshús ehf. fagnar því að myndlistarstefna til 2030 sé lögð fram og lýsir í megindráttum yfir ánægju með flest það sem kemur þar fram vill fyrirtækið koma eftirfarandi á sjónarmiðum á framfæri.

Virðisaukaskattur á myndlist

Um leið og því er fagnað lagt sé til að virðisaukaskattur á myndlist sé færður í lægra skattþrep til samræmis við aðrar listgreinar, eins og bókaútgáfu, þá bendum við á að mikill fjöldi íslenskra listaverka er erlendis. Má þar bæði nefna verk sem íslenskir listamenn hafa unnið erlendis og skilið þar eftir, t.d. á námsárum sínum, sem og verk í eigu listaverkasafnara. Oft er um að ræða verk sem hafa verið keypt hér á landi og flutt úr landi. Fold uppboðshús ehf. hvetur til þess að innflutningur á íslenskum listaverkum verði gerður gjaldfrjáls, og þá sérstaklega verk sem keypt hafa verið hérlendis, en sé þess ekki kostur, að lægri virðisaukaskattþrep nái utan um slíkan innflutning. Eins og staðan er í dag þurfa þau sem flytja íslensk listaverk til Íslands að greiða 24% virðisaukaskatt ofan á verðgildi verksins nema verkin séu flutt heim sem búslóð. Þetta er skaðlegt og veldur því að verk sem eru mikilvæg íslenskri listasögu eru ekki flutt til landsins vegna þessara virðisaukaskattgreiðslna og enda jafnvel inni í geymslum eða er jafnvel fargað því íslenskir listamenn eru sjaldnast þekktir eða metnir að verðleikum utan landssteinanna.

Fylgiráttargjöld

Hér á landi eru innheimt fylgiráttargjöld við endursölu upprunalegs listaverks í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1972 um höfundarétt og er innheimtan samræmd á evrópska efnahagssvæðinu. Innheimtu gjaldsins er þrepaskipt með eftirfarandi hætti:

1. 10% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar að hámarki 3.000 evrum,
2. 5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 3.000,01 evru upp í 50.000 evrur,
3. 3% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 50.000,01 evru upp í 200.000 evrur,
4. 1% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 200.000,01 evru upp í 350.000 evrur,
5. 0,5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 350.000,01 evru upp í 500.000 evrur,
6. 0,25% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar fjárhæð umfram 500.000 evrur.

Þegar tilskipun Evrópuþingsins var innleidd hér á landi höfðu aðildarlönd EES samningsins val um hversu hátt fyrsta þrepið ætti að vera, þó innan þess ramma að vera 0% - 10%. Hér á landi var valið að hafa fyrsta þrepið 10% en hvergi er það hærra. Hér fyrir neðan má sjá hversu hátt gjaldið er í nágrannalöndum okkar.

Höfundaréttargjald - hæsti flokkur		
Land	Hlutfallstala	Söluverð listaverks í €
Ísland	10%	0 - 3.000
Danmörk	5%	0 - 50.000
Svíþjóð	5%	umfram 1.985 SEK*
Frakkland	4%	0 - 50.000
Noregur	3%	öll verk*
Bretland	4%	0 - 50.000

*Hafa ekki tekið upp samevrópsku lögin.

Nú er ljóst að samkeppni ríkir á myndlistarmarkaði og hefur m.a. danska fyrirtækið Bruun Rasmussen boðið þjónustu sína hér á landi með augljósu samkeppnisforskoti. Fold uppboðshús ehf. hvetur til þess að gjaldið í fyrsta þrepi verði lækkað í 5% til samræmis því sem það er í okkar helstu samkeppnislöndum. Auk þess er fáránlegt og flækir allar útskýringar að hafa viðmiðunarfjárhæðirnar í erlendri mynt.

Falsanir

Falsanir á íslenskum listaverkum og höfundarmerkingum hafa verið vandamál á listaverkamarkaðinum síðustu áratugi og verða það áfram um ókomna tíð ef ekkert verður að gert. Þó fjöldi falsaðra listaverka hafi komið fram er ljóst að verkin sem ekki hafa komið fram á sjónarsviðið eru jafnvel fleiri og þau munu á næstu áratugum rata inn á listaverkamarkaðinn með einum eða öðrum hætti.

Í kjölfar dómsins í “stóra málverkafölsunarmálinu” svokallaða skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, nefnd til þess að fjalla um fölsun listaverka og hvernig hægt væri að bregðast við þeim. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum og tillögum í apríl 2005 en hafa ekki verið framkvæmdar.

Nýjar falsanir á listaverkum eru enn að koma fram, auk þess sem margar hinar eldri dúkka upp aftur, og því nauðsynlegt að veita neytendum vernd og listaverkamarkaðinum styrk til að takast á við þetta vandamál.

Fold uppboðshús ehf. leggur til þrjár tillögur til að takast á við þennan vanda.

1. Opna leið fyrir almenning til að fá úr því skorið eftir hvern listaverk eru og hvort grunur leiki á að um fölsun sé að ræða. Þessa þjónustu er hægt að veita hjá Listasafni Íslands og raunar er það svo að forvörður safnsins Ólafur Ingi Jónsson hefur verið í því hlutverki á eigin vegum. Fyrir þessa þjónustu væri hægt að innheimta gjald til að standa undir kostnaði.

2. Koma þarf á fót fagráði eða fagráðum sem halda utan um verkaskrá helstu listamanna þjóðarinnar, hvort sem verk þeirra hafa verið fölsuð eður ei. Eðlilega á þessi starfssemi að vera á ábyrgð stóru safnanna í landinu og þá einna helst Listasafns Íslands sem er höfuðsafn á sviði myndlistar.

Þessi fagráð þurfa að gefa út staðfestingar á uppruna listaverka og að viðkomandi listaverk hafi verið skráð hjá safninu. Slíkt myndi auka trúverðugleika verka og gefa listaverksölum tæki til að takast á við vafasöm listaverk.

Fyrir þessa þjónustu væri einnig hægt að innheimta gjald til að standa undir kostnaði.

Erlendis starfa sambærileg fagráð og meta hvort listaverk séu í raun eftir þann höfund sem haldið er fram. Eitt slíkt ráð er um bandaríska listamanninn Frederic Remington í Buffalo Bill Historical Center í Cody, Wyoming. Staðfesting frá slíku fagráði er forsenda þess að stóru uppboðshúsin taki verk eftir viðkomandi listamann almennt í sölu.

3. Mikilvægt er að hægt sé að merkja sérstaklega eða taka úr umferð verk sem eru sannarlega fölsuð. Engin heimild er til þess í íslenskri löggjöf. Ein afleiðing þess er að verk sem eigendur vita að eru fölsuð dúkka upp á listaverkamarkaði áratugum síðar þegar þeir falla frá og verk sem merkt eru þekktum listamönnum finnast upp á veggjum, inni í skápum, ofan í geymslum eða undir rúmum hjá hinum látna. Erfingjar koma þá með verkin í sölu í góðri trú enda vita þeir ekki að um falsanir er að ræða. Við sjáum iðulega dæmi um þetta.